

Nd.

273. Frumvarp til laga

[112. mál]

um bráðabirgðabreytingu á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Í stað ákvæða 3., 4. og 6. gr. A — II — 2, 1.—2. mgr. útsvarslaga, nr. 66/1945, skal útsvörum jafnað niður samkvæmt ákvæðum þessara laga.

2. gr.

Upphæð útsvara í hverju sveitarfélagi skal þannig ákveðin í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, að þau ásamt öðrum tekjum sveitarfélagsins hrökkvi fyrir útgjöldum þess á árinu, þegar gert hefur verið ráð fyrir 5—10% vanhöldum við innheimtu þeirra.

Nú reynast útsvör þannig ákveðin hærri en vera skal samkvæmt 10. gr. 2. mgr., og koma þá til framkvæmda ákvæði 3. gr. d. laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

3. gr.

Útsvör skal miða við hreinar tekjur og eign samkvæmt skattskrá með þeim frávikum, sem hér greinir:

- a. Heimilt er að véfengja skattframtal og áætla tekjur og eignir, þó að skattayfirvald hafi metið framtalið gilt.
- b. Vikja má frá ákvæðum skattalaga um sérstakan frádrátt frá tekjum, samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/1958, um tapsfrádrátt á milli ára og um fyrningarfrádrátt og afskriftir eigna hjá atvinnufyrirtækjum og félögum. Frávik samkv. þessum staflið gjaldanda í óhag má þó eigi meira vera en það var í hlutaðeigandi sveitarfélagi á árinu 1959.
- c. Útsvör síðastliðins árs skulu dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd sveitarsjóði að fullu fyrir áramót næst á undan niðurbjörgun. Sama gildir um útsvör, sem greidd eru að fullu skv. b-lið 28. gr. útsvarslaganna.
- d. Heimilt er að leggja útsvör á veltu samkvæmt ákvæðum 5.—7. gr. laga þessara.

4. gr.

Að loknum leiðréttingum niðurbjörgunarnefndar samkv. 3. gr., skal útsvörum jafnað niður samkv. reglum þeim, sem um getur í 5.—12. gr. laga þessara.

5. gr.

Í Reykjavík skulu útsvör vera sem hér segir:

a. Af hreinum tekjum greiða:

1. Einstaklingar.

Af	25— 35 þús. kr.	greiðast	940.00 kr.	af	25 þús. kr.	og 19 % af afg.
—	35— 45	—	2 840.00	—	35	— 21 %
—	45— 60	—	4 940.00	—	45	— 23 %
—	60—100	—	8 390.00	—	60	— 25 %
—	100 þús. kr. og þar yfir	—	18 390.00	—	100	— 30 %

Frá útsvari eins og það reiknast samkvæmt þessum stiga, er veittur fjölskyldufrádráttur, kr. 800.00 fyrir konu, en fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda samkvæmt þeim reglum, sem hér fara á eftir:

Fyrir 1. barn kr. 1000.00, fyrir 2. barn kr. 1100.00, fyrir 3. barn kr. 1200.00 og þannig áfram, að frádrátturinn hækkar um kr. 100.00 fyrir hvert barn.

2. Félög.

Af 1—75 þús. kr.	greiðast	200 kr. af 1 þús. kr. og 20 % af afg.
— 75 þús. kr. og þar yfir	—	15 000 — — 75 — — — 30 % — —

b. Af hreinum eignum greiðast:

Af 40—70 þús. kr.	greiðast	100 kr. af 40 þús. kr. og 5 % af afg.
— 70—100 — —	—	250 — — 70 — — — 6 % — —
— 100—150 — —	—	430 — — 100 — — — 7 % — —
— 150—200 — —	—	760 — — 150 — — — 8 % — —
— 200—250 — —	—	1 180 — — 200 — — — 9 % — —
— 250 þús. kr. og þar yfir	—	1 630 — — 250 — — — 10 % — —

c. Um útsvör á veltu fer skv. því, sem hér segir:

Gjaldendum, þar með talin samvinnufélög, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, má gera að greiða útsvar af veltu þeirra, en velta telst heildarsala vöru, vinnu og þjónustu, jafnt hjá félagsmönnum sem utanfélagsmönnum, ef um samvinnufélög eða önnur félög er að ræða, áður en frá eru dregin nokkur gjöld vegna starfseminnar, þar með talin hvers konar opinber gjöld, önnur en þau, er nú greinir:

1. Söluskattur samkv. b-lið 22. gr. III. kafla laga nr 100/1948, sbr. lög nr. 82/1957.
2. Gjald til útflutningssjóðs samkv. 20. gr. laga nr. 86/1956, sbr. nú 40. gr. laga nr. 33/1958.
3. Gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60/1939.
4. Skemmtanaskattur samkv. 1. tölulið 2. gr. laga nr. 56/1927.
5. Gjald af kvikmyndasýningum samkv. lögum nr. 28/1952.

Upphæð útsvarsins skal ákveðin í hundraðshlutum af veltu, allt að 3%, en þó hvergi hærrí hundraðshluti, miðað við tegund verzlunar eða þjónustu, en hann var árið 1959.

6. gr.

Í öðrum kaupstöðum skulu útsvör vera sem hér segir, sbr. þó 8. gr.:

a. Af hreinum tekjum greiða:

1. Einstaklingar:

Af 15—20 þús. kr.	greiðast	200 kr. af 15 þús. kr. og 16 % af afg.
— 20—30 — —	—	1 000 — — 20 — — — 23 % — —
— 30—40 — —	—	3 300 — — 30 — — — 24 % — —
— 40—50 — —	—	5 700 — — 40 — — — 25 % — —
— 50—60 — —	—	8 200 — — 50 — — — 26 % — —
— 60—70 — —	—	10 800 — — 60 — — — 27 % — —
— 70—80 — —	—	13 500 — — 70 — — — 28 % — —
— 80—90 — —	—	16 300 — — 80 — — — 29 % — —
90 þús. kr. og þar yfir	—	19 200 — — 90 — — — 30 % — —

Fjölskyldufrádráttur skal vera hinn sami og samkvæmt 5. gr. a. 1.

2. Félög:

Af 1—75 þús. kr.	greiðast	200 kr. af 1 þús. kr. og 20 % af afg.
— 75 þús. kr. og þar yfir	—	15 000 — — 75 — — — 30 % — —

b. Af hreinum eignum greiðist:

Af 25— 50 þús. kr.	greiðast	100 kr. af	25 þús. kr. og	5 % af afg.
— 50—100 — —	—	225 — —	50 — — —	8 % — —
— 100—200 — —	—	625 — —	100 — — —	12 % — —
— 200 þús. kr. og þar yfir	—	1 825 — —	200 — — —	15 % — —

c. Um útsvör af veltu fer samkvæmt eftirfarandi reglum:

Gjaldendum, þar með talin samvinnufélög, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, má gera að greiða útsvar af veltu þeirra, en velta telst heildarsala vöru, vinnu og þjónustu, jafnt hjá félagsmönnum sem utanfélagsmönnum, ef um samvinnufélög eða önnur félög er að ræða, áður en frá eru dregin nokkur gjöld vegna starfseminnar.

Upphæð útsvarsins skal ákveðin í hundradshlutum af veltu, mismunandi eftir tegund, starfsemi og aðstöðu og má eigi hærri vera en hér segir:

Allt að 3%: Lyfjaverzlan, olíuverzlan, kvikmyndahús, barar, billiardstofur, söluturnar, verzlanir og veitingastaðir opnir til kl. 23.30, skartgripaverzlanir, gleraugnaverzlanir, hljóðfæraverzlanir, tóbaks- og sælgætisverzlanir, sælgætis- og efna-gerðir.

Allt að 2%: Iðnaður alls konar, þar með talin vinnsla sjávarafurða, nýlendu-vöruverzlan og önnur smásöluverzlan, sem ekki er áður talin, matsala, gistihúshald, farm- og fargjöld, umboðs- og heildverzlan og annað ótalið.

7. gr.

Í öðrum sveitarfélögum en þeim, sem talin eru í 5.—6. gr., skulu útsvör vera sem hér segir, sbr. 8. gr. 2. mgr.

a. Útsvar af hreinum tekjum greiða:

1. Einstaklingar.

Af 3— 4 þús. kr.	greiðast	200 kr. af	3 þús. kr. og	7 % af afg.
— 4— 5 — —	—	270 — —	4 — — —	8 % — —
— 5— 7 — —	—	350 — —	5 — — —	9 % — —
— 7—10 — —	—	530 — —	7 — — —	10 % — —
— 10—15 — —	—	830 — —	10 — — —	11 % — —
— 15—20 — —	—	1 380 — —	15 — — —	12 % — —
— 20—25 — —	—	1 980 — —	20 — — —	13 % — —
— 25—30 — —	—	2 630 — —	25 — — —	14 % — —
— 30—35 — —	—	3 330 — —	30 — — —	15 % — —
— 35—40 — —	—	4 080 — —	35 — — —	16 % — —
— 40—50 — —	—	4 880 — —	40 — — —	18 % — —
— 50—60 — —	—	6 680 — —	50 — — —	20 % — —
— 60—70 — —	—	8 680 — —	60 — — —	22 % — —
70 þús. kr. og þar yfir	—	10 880 — —	70 — — —	25 % — —

Frá útsvari eins og það reiknast samkvæmt þessum stiga er veittur fjölskyldu-frádráttur kr. 500.00 fyrir konu og sama upphæð fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs, sem er á framfæri gjaldanda.

2. Félög.

Af 1—75 þús. kr.	greiðast	200 kr. af	1 þús. kr. og	20 % af afg.
— 75 þús. kr. og þar yfir	—	15 000 — —	75 — — —	30 % — —

b. Útsvar af hreinum eignum greiðist:

Af 10—40 þús. kr.	greiðast	10 kr. af	10 þús. kr. og 2‰ af afg.
— 40—70 — —	—	70 — —	40 — — — 3‰ — —
— 70—100 — —	—	160 — —	70 — — — 4‰ — —
— 100—150 — —	—	280 — —	100 — — — 5‰ — —
— 150—200 — —	—	530 — —	150 — — — 6‰ — —
— 200 þús. kr. og þar yfir	—	830 — —	200 — — — 8‰ — —

c. Leggja má útsvar á veltu samkvæmt ákvæðum 5. gr. c. eða 6. gr. c., enn fremur er heimilt að leggja veltuútsvar á andvirði seldra búsafurða hjá bændum.

8. gr.

Í kaupstöðum, sbr. 6. gr., er heimilt að jafna niður útsvörum samkv. 5. gr. a—b, enda skerðist þá ekki heildarfjárhæð útsvaranna svo, að þess vegna komi til greina aukaframlag, samkv. 2. gr. 2. mgr.

Sama gildir um önnur sveitarfélög, sbr. 7. gr. Þeim er og heimilt að jafna niður útsvörum, samkv. reglum 6. gr., ef fullnægt er ákvæði 1. mgr., um heildarfjárhæð útsvaranna.

9. gr.

Lækka skal útsvar gjaldenda frá því, sem ákveðið er í 5.—8. gr. laga þessara, þegar eftirtaldar ástæður eru fyrir hendi:

- Sjúkrakostnaður, sem á þá fellur, ef verulegan má telja.
- Slys, dauðsföll, eignatjón, mikil tekjurýrnun, eða önnur óhöpp, sem skerða gjaldgetu þeirra verulega.
- Uppeldis- og menningarkostnað barna þeirra, sem eldri eru en 16 ára, sem þeir annast greiðslu á.

10. gr.

Nú kemur í ljós, að útsvör, samkvæmt 5.—9. gr. laga þessara reynast hærrí eða lægri en fjárhagsáætlun segir til um og skal þá niðurjöfnunarnefnd lækka eða hækka hvert útsvar að rétttri tiltölu, unz hinn áætluðu upphæð, að viðbættum 5—10%, er náð.

Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 30 hundraðshlutum.

11. gr.

Útsvar skal ákveðið í heilum hundruðum króna þannig, að 50 krónum eða lægri upphæð skal sleppt, en hærrí upphæð hækkuð.

Útsvari, sem eigi nær 200 krónum, skal sleppt.

12. gr.

Samvinnufélög greiða útsvar af skiptum sínum, jafnt við félagsmenn sem utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar, þó ekki af arði af viðskiptum félagsmanna.

Félögin láta niðurjöfnunarnefndum (skattayfirvöldum) í té glögga skýrslu um viðskiptin við utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Annars kostar áætla niðurjöfnunarnefnd viðskiptin og arð af þeim. Áætlanir nefndarinnar og útsvarsálagningu má kæra eftir almennum reglum, þar á meðal áfrýja úrskurðum til yfirskattanefndar og rikisskattanefndar.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru felld úr gildi ákvæði laga nr. 46 13. júní 1937, 41. gr. 1. mgr. 2.—3. tl.

Ákvæði til bráðabirgða.

A. Hvergi mega heildarútsvör á árinu 1960 vera hærri en þau voru á árinu 1959 að viðbættum fimmtungi af meðaltalsfjárhæð útsvara síðustu þrjú árin, en að frádregnu framlagi Jöfnunarsjóðs á árinu 1960, nema til komi samþykki ráðuneytisins, ef um kaupstað er að ræða, og sýslunefndar, að því er hreppa snertir.

B. Við álagningu útsvara 1960 skal leyfa til frádráttar tekjum útsvör, sem voru álagð 1959 og greidd sveitarsjóði að fullu fyrir 1. maí 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 7. des. 1959, skipaði fjármálaráðherra, sem einnig fer með þann þátt félagsmála, sem varðar tekjustofna sveitarfélaga, eftirtalda menn í nefnd til þess að endurskoða gildandi ákvæði um tekjustofna sveitarfélaga og semja frumvarp til laga um þau efni: Birgi Finnsson alþm., Guðlaug Gíslason alþm., Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóra, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Jónas Guðmundsson, formann Sambands ísl. sveitarfélaga, og Tómas Jónsson, varaformann Sambands ísl. sveitarfélaga, sem er ritari nefndarinnar.

Áformuð er mikil breyting á lagaákvæðum um tekjuskatt, sem komi til framkvæmda nú þegar á þessu ári. Af því leiðir að óhjákvæmilegt er að gera einnig nú þegar breytingar á ákvæðunum um niðurjöfnun útsvara, sem meðal annars tryggja það, að sveitarfélögin gangi ekki lengra en góðu hófi gegnir í því að taka til sín í útsvörum þær lækkanir, sem verða á tekjuskattinum. Nefndinni var þegar ljóst, að verkefni hennar var umfangsmeira en svo, að hún gæti skilað viðunandi fullnaðartillögum um tekjustofna sveitarfélaganna, sem leggja mætti fyrir Alþingi nú þegar. Þar við bætist, að nauðsyn er á samstarfi þessarar nefndar við nefnd þá, sem vinnur að endurskoðun skattalaganna, en sú nefnd mun ekki skila fullnaðartillögum fyrr en síðar á þessu ári. Það varð því að ráði að fresta afgreiðslu endanlegra tillagna að svo stöddu, en leggja þess í stað fram frumvarp það, sem hér liggur fyrir um bráðabirgðabreytingu á gildandi ákvæðum um álagningu útsvara og nauðsynlegar breytingar á gildandi ákvæðum um jöfnunarsjóð.

Að vísu er gert ráð fyrir því, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, gildi aðeins um álagningu útsvara á þessu ári, en með því, að nú verður ekki fullyrt, að fullnaðar endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga verði lokið og ný lög sett um næstu áramót. Dykir rétt að haga bráðabirgðalöggjöf þessari á þann hátt, að ekki þurfi að setja lög að nýju, þó að fullnaðarlöggjöf um þessi efni verði ekki sett fyrir næstu áramót.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru þau, að lögbinda reglur um álagningu útsvaranna. Lagt er til að lögfestar verði þrenns konar reglur. Í fyrsta lagi reglur fyrir Reykjavík, í öðru lagi reglur fyrir aðra kaupstaði og í þriðja lagi reglur fyrir hreppana. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að kaupstöðunum sé heimilt með vissum skilyrðum að jafna niður útsvörum, samkv. reglum þeim, er gilda fyrir Reykjavík og hreppum sé, að fullnægðum sömu skilyrðum, heimilt að jafna niður útsvörum efti rreglum þeim, sem gilda fyrir Reykjavík, eða reglum þeim, sem gilda fyrir kaupstaðina.

Í sjálfu sér er það ekki nýmæli, að útsvörum verði jafnað niður eftir föstum reglum. Það mun hafa verið gert í flestum sveitarfélögum um langt árabil. Nú þegar lagt er til, að slíkar reglur verði lögbóðnar, er því í raun og veru um að ræða samræmingu á þessum reglum, sem hafa verið býsna frábrugðnar í hinum ýmsu sveitarfélögum. Einkum hafa þessar reglur verið breytilegar um veltuútsvörin, enda eru ákvæði frumvarpsins um það mjög rúm, sjá 6. gr. c. Miðað við heildarfjárhæð útsvara hafa veltuútsvör verið frá ca. 8% (á Akureyri) og upp yfir 20% í ýmsum kaupstöðum (í Reykjavík 1959 ca. 14%).

Það er aðalregla samkvæmt frumvarpinu að miða við hreinar tekjur og eignir

samkv. skattskrá en frá því eru veigamiklar undantekningar, sbr. athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins.

Þá er í frumvarpinu lagt til að takmörk verði sett fyrir því, hve há útsvörin mega vera, en jafnframt gert ráð fyrir aukaframlagi úr Jöfnunarsjóði, eftir nánar settum reglum, ef upphæð útsvara samkv. fjárhagsáætlun fæst eigi sé farið eftir reglunum.

Nefndin mun vinna áfram að samningu frumvarps um tekjustofna sveitarfélaga og mun hafa um það verkefni samstarf við nefnd þá, sem vinnur að athugun á lögum um tekju- og eignarskatt. Gert er ráð fyrir því, að endanlegar tillögur nefndarinnar um tekjustofna sveitarfélaganna verði fullgerðar síðar á þessu ári.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Eins og áður segir, er hér lagt til, að nú þegar verði aðeins gerðar nokkrar breytingar á gildandi ákvæðum um niðurjöfnun útsvara. Samkvæmt því er lagt til að 3., 4. og 6. gr. A — II — 2, 1.—2. mgr. útsvarslaganna, gildi ekki framvegis um niðurjöfnun útsvara. Í stað þess fari um niðurjöfnun útsvaranna eftir ákvæðum þessa frumvarps.

Ekki er gert ráð fyrir, að ákvæði þessi gildi til frambúðar, þar eð unnið er áfram að endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga, sem væntanlega gæti orðið lokið fyrir næsta Alþingi.

Um 2. gr.

Ákvæði 1. mgr. svara efnislega til 3. gr. útsvarslaganna. Regla núgildandi laga um það, að útsvör megi ekki nokkru sinni vera hærrí en meðaltal útsvara 3 síðustu árin, að viðbættum fimmtungi, nema til komi samþykki sýslunefndar eða ráðuneytisins, gildi um niðurjöfnunina á þessu ári, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða A.

Lagt er til, að hækkun útsvaranna verði takmörkuð með sérstökum hætti, sjá 10. gr. 2. mgr. Sú takmörkun, sem hér er um að ræða, kann að leiða til þess í sumum sveitarfélögum, að útsvörin verði eigi nægileg til þess, að þau hrökkvi fyrir áætluðum útgjöldum á árinu, og er þá gert ráð fyrir, að sá halli verði jafnaður með aukaframlagi úr jöfnunarsjóði, sbr. annað frumvarp frá nefndinni um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 3. gr. d.

Um 3. gr.

Höfuðbreytingin, sem lagt er til að gerð verði, er í því fólgin, að útsvör verði nú lögð á eftir lögfestum reglum í stað núgildandi ákvæða um niðurjöfnun eftir efnun og ástæðum, sjá 4. gr. útsvarslaganna.

Í aðalatriðum skal miða útsvörin við hreinar tekjur og eign, samkv. skattskrá, en veigamiklar undantekningar eru þó frá þessari reglu.

Í fyrsta lagi má véfengja skattframtal og áætla tekjur og eignir, þó að skattayfirvald hafi ekki gert það. Samkv. framkomnum tillögum um afnám tekjuskatts á almennar launatekjur fjölgar skattleysingjum í landinu um tugi þúsunda. Hins vegar er óhjákvæmilegt, að flestir þeirra greiði nokkuð útsvar, sem nú skal álagt eftir lögfestum reglum og miðað við hreinar tekjur þeirra. Það er ástæða til þess að ætla, að skattayfirvöldin muni ekki endurskoða framtöl þeirra, sem fyrir-sjáanlegt er að verða skattlausir, með eins mikilli nákvæmni og nauðsyn krefu vegna útsvaranna. Það er því óhjákvæmilegt, að heimila þeim, sem annast álagningu útsvara að véfengja framtöl og áætla tekjur, þó að skattayfirvaldið hafi ekki gert það.

Í öðru lagi, þykir ekki fært að binda niðurjöfnunarnefndir skilmálalaust við frádrátt, samkvæmt skattalögum, sbr. b-lið greinarinnar. En til þess er ætlað, að niðurjöfnunarnefndir, sem veittu umræddan frádrátt á síðasta ári, kippi ekki að sér hendinni, en veiti slíkan frádrátt framvegis.

Í þriðja lagi, er aftur á móti lagt til, að útsvör næst liðins árs skuli dregin frá hreinum tekjum, að svo miklu leyti, sem þau hafa verið greidd fyrir áramót (fyrir

1. maí að því er varðar útsvarið 1959). Þetta ákvæði er mjög mikilsvert með tilliti til innheimtu útsvaranna. Lausleg athugun hefur sýnt, að vegna þessa ákvæðis lækka útsvörin hér í Reykjavík um ca. 19—20%. Hliðstæð lækkun mun einnig verða af þessum sökum á útsvörum annarra sveitarfélaga. Þetta nýmæli er álitid framkvæmanlegt m. a. vegna þess, að nú er sveitarfélögunum ætluð veruleg fjárhæð af sölu-skattinum, eða 56 millj. króna, samkv. fjárlagafrumvarpinu fyrir yfirstandandi ár. Útsvör munu hafa verið alls ca. 425 millj. í landinu á árinu 1959 og ættu þá að geta lækkað í ca. 370 millj. króna á árinu 1960 vegna þessa framlags, ef ekki kæmi til aðrar hækkunar.

Í fjórða lagi, þykir verða að gera ráð fyrir veltuútsvari á þessu ári, eins og tíðkað hefur verið í öllum kaupstöðum og fleiri sveitarfélögum um langt skeið.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Reglur þær, sem lagt er til, að gildi fyrir Reykjavík eru reglur þær, sem niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur notaði við niðurbjörgun útsvara árið 1959.

Athuganir, sem fram hafa farið, hafa leitt í ljós, að þrátt fyrir frádrátt greiddra útsvara, muni reglur þessar gefa áætlaða útsvarsupphæð á þessu ári.

Reglur Reykjavíkur um niðurbjörgun útsvara á árinu 1959 fylgja frumvarpi þessu sem fylgiskjal.

Um 6. gr.

Reglurnar um útsvörin í kaupstöðunum utan Reykjavíkur eru samdar í samráði við stjórn kaupstaðasambandsins á Norðurlandi, Vestfjörðum og Austurlandi. Leggur stjórn sambandsins til, að reglur þessar verði lögfestar, svo sem hér er gert ráð fyrir.

Athuganir, sem gerðar hafa verið á útsvarsbyrðinni í hinum ýmsu kaupstöðum hafa leitt í ljós, að reglur þessar muni yfirleitt gefa heildarfjárhæð útsvara mjög nærri því, sem áætlanir kaupstaða gera ráð fyrir.

Um 7. gr.

Reglur þær, sem lagt er til að gildi fyrir önnur sveitarfélög en þau, sem 5. og 6. gr. tekur til, eru samdar að tilhlutan stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga með aðstoð fimm starfandi hreppsnefndaroddvita sem stjórn sambandsins kvaddi sér til aðstoðar við samningu þeirra. Oddvitar þessir voru þeir Ágúst Þorvaldsson, alþm., oddviti Hraungerðishrepps, Bjartmar Guðmundsson, alþm., oddviti Aðaldælahrepps, Garðar Halldórsson, alþm., oddviti Öngulsstaðahrepps, Páll Björgvinsson, oddviti Hvolhrepps og Snæbjörn Thoroddsen, oddviti Rauðasandshrepps. Reglur þær, sem að undanfögnu hefur verið fylgt í sveitum og smærri kaupstúnum við niðurbjörgun útsvara, eru mjög margbreytilegar og lítið samræmi í þeim innbyrðis. Verður því útsvarsstiginn að vera tiltölulega hærri í þessum flokki, en í kaupstöðunum þar sem reglurnar eru þar nú þegar meira samræmdar útsvarstiga Reykjavíkur, sem í flestum eða öllum kaupstöðum og mörgum kaupstúnum hefur verið notaður árum saman með einhverjum frávikum. Þess her og að geta, að í sveitum er yfirleitt á lægri tekjur að leggja en í kaupstöðum, og því verður bæði að byrja stigann neðar þar, og að hafa hann tiltölulega þyngri á tekjum 25—60 þúsund krónum, en hann er í kaupstöðum.

Að því var stefnt, að stiginn yrði svo hár, að öruggt mætti telja að allar sveitarstjórnir í þessum flokki næðu þeirri útsvarsupphæð sem lögð var á s. l. ár og munu því margar hreppsnefndir þurfa að færa útsvörin mikið niður að útreikningi loknum.

Rétt þykir að benda á það, að ástæður fyrir því að fjölskyldufrádráttur er hafður annar í sveitum en kaupstöðum eru aðallega tvær. Önnur sú, að ná verður

útsvari af lægri tekjum í sveit en í kaupstað, samkvæmt því sem áður segir, og má því frádrátturinn ekki eyða útsvarinu eins langt upp og hinn stighækkandi persónufrádráttur gerir í kaupstaðastiganum. Hin er sú, að í sveitum létta börn tiltölulega fljótt nokkuð undir við sumarstörf, og því er ekki eins mikil ástæða til að hafa eins mikinn frádrátt þeirra vegna þar og í kaupstöðum.

Vitað er, að sums staðar hefur tíðkast sú álagningaráðferð að leggja lágt veltugjald á umsetningu búanna hjá bændum og er ekki að svo stöddu talið rétt að afnema heimild til þess, ef einhverjar sveitarstjórnir vildu halda þeirri reglu áfram.

Um 8. gr.

Sumir kaupstaðir og ýmis stærri sveitarfélög, jafnvel þó ekki sé um kauptún að ræða, hafa jafnað niður útsvörum eftir reglum þeim, sem notaðar hafa verið í Reykjavík. Þykir því rétt að heimila sveitarfélögum yfirleitt að jafna niður útsvörum samkvæmt 5. gr. Á sama hátt virðist eðlilegt, að hreppar fái og heimild til að jafna niður, samkv. reglum 6. gr., um kaupstaðina, ef henta þætti.

Þann fyrirvara verður þó að hafa á því, að sveitarfélag noti heimild þessarar greinar, að það þurfi ekki á aukaframlagi að halda, þó að það noti heimildina.

Um 9. gr.

Lagt er til, að útsvar, sem lagt er á, samkv. reglum 5.—8. gr. skuli lækkað, ef fyrir hendi eru einhverjar þær ástæður, sem um ræðir í a—c-lið þessarar greinar.

Um 10. gr.

Þar eð útsvör verða samkvæmt frumvarpi þessu álögð eftir föstum reglum miðað við hreinar tekjur, eignir og veltu er augljóst að samanlögð upphæð þeirra getur orðið annaðhvort hærri eða lægri en upphæð útsvara hefur verið ákveðin í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal þá leiðrétta hvert einstakt útsvar hlutfallslega unz náð er upphæð útsvaranna samkvæmt fjárhagsáætlun. Frá þessari reglu er þó undantekning, ef útsvörin samkv. reglunum reynast ekki nógu há, því að þá má ekki hækka útsvörin um meira en 30%, sjá 2. mgr. Í slíkum tilvikum skortir sveitarfélagið tekjur.

Ef rannsókn sú, sem gert er ráð fyrir í 5. gr. frv. um Jöfnunarsjóð, leiðir ekki til ráðstafana í sambandi við rekstur sveitarfélagsins, sem lækkuðu svo útgjöld þess, að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum verður að gera ráð fyrir sérstöku aukaframlagi úr Jöfnunarsjóði svo sem með þarf til að jafna hallann, sbr. frumvarpið um Jöfnunarsjóð sveitarfélags.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að samvinnufélög greiði útsvör af veltu eða umsetningu, jafnt vegna félagsmanna og utanfélagsmanna, sbr. 5. gr. c. og 6. gr. c. Samkvæmt nügildandi lögum er hinsvegar ekki heimilt að leggja útsvar á veltu eða umsetningu vegna félagsmanna. Reyndin hefur þó sumstaðar orðið sú, að kaupfélög t. d. hafa greitt útsvör, álögð á heildarumsetningu þeirra og eru þá félagsmannaviðskipti ekki undan tekin.

Enn fremur er lagt til með frumvarpsgrein þessari að úr gildi verði fellt það sérákvæði um útsvarsskyldu samvinnufélaga, að þau greiði því aðeins útsvör af skiptum sínum, að þau viðskipti hafi borið arð á síðasta útsvarsári, og megi útsvarið ekki nema hærri fjárhæð en arðinum, sbr. dóm Hæstaréttar 29. nóv. 1955. Hinsvegar hefur verið talið heimilt að leggja útsvör á viðskipti kaupmanna (og hlutafélaga), svonefnt veltuútsvar, enda þótt þau viðskipti hafi engum arði skilað.

Um 13. gr.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að samvinnufélag greiði veltuútsvar með sama hætti og aðrir, sjá 5.—7. gr. frumvarpsins. Af því leiðir að fella verður úr gildi ákvæðin um útsvarsgreiðslu samvinnufélaga og um samvinnuskatt í 41. gr. samvinnufélaganna.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þó að gert sé ráð fyrir takmörkun á útsvarsfjárhæðum með reglum þessa frumvarps um álagningu útsvara ber að gæta þess, að reglur þessar munu víða reynast það rúmar, að mikil hækkun gæti orðið á útsvörunum, ef ekki væru látin haldast svipuð ákvæði um hækkun útsvara og gilt hafa til þessa, sbr. 3. gr. útsvarslaganna. Í þessari grein er gert ráð fyrir því, að ákvæði þessi haldist, þó með þeirri breytingu, að væntanlegt framlag úr Jöfnunarsjóði verði dregið frá hámarki því, sem sveitarstjórnnum hefur verið leyfilegt að nota, án samþykkis ráðuneytisins eða sýslunefndar.

Ákvæði B-liðs þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Reglur um álagningu útsvara í Rvík 1959.

Tekjur:

Tekjur til útsvars eru hreinar tekjur til skatts, samkv. lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 36/1958 og 40/1959. Hefur því við ákvörðun útsvara verið leyfður allur sá frádráttur, sem heimilaður er eftir þeim lögum, þar með talinn fæðis- og hlífðarfatakostnaður sjómanna á fiskiskipum, ferðakostnaður þeirra skattgreiðenda, er fara langferðir vegna atvinnu sinnar, kostnaður við stofnun heimilis, námskostnaður hjá gjaldanda og 50% frádráttur af tekjum giftrar konu, sem hún aflar með vinnu sinni utan heimilis, enda er hjónum ávallt gert að greiða útsvar sem einum gjaldþegn. Þegar gift kona vinnur að atvinnurekstri með manni sínum, er veittur frádráttur allt að kr. 7 700.00. Einstæð foreldri eða aðrir einstaklingar, sem halda heimili og framfæra þar skylduómaga sína, fá dregið frá tekjum sínum kr. 7 700.00 og auk þess kr. 1 766.00 fyrir hvern ómaga á heimilinu. Frádráttur samkv. 7. mgr. 8 gr. laganna er þó ekki heimilaður, né sérstakar fyrningaafskriftir, né færsla á tapi milli ára. Til tekna eru ekki taldir, fremur en til skatts, vextir af skattfrjálsri innstæðu né sá eignarauki, sem stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota.

1. Einstaklingar.

Af 25— 35 þús. kr.	greiðast	940 kr. af	25 þús. kr. og 19 % af afg.
— 35— 45 — —	—	2 840 — —	35 — — — 21 % — —
— 45— 60 — —	—	4 940 — —	45 — — — 23 % — —
— 60—100 — —	—	8 390 — —	60 — — — 25 % — —
— 100 þús. kr. og þar yfir	—	18 390 — —	100 — — — 30 % — —

Frá útsvari, eins og það reiknast samkvæmt þessum stiga, er veittur fjölskyldufrádráttur, kr. 800.00 fyrir konu, en fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda samkvæmt þeim reglum, sem hér fara á eftir:

Fyrir 1. barn kr. 1000.00, fyrir 2. barn kr. 1100.00, fyrir 3. barn kr. 1200.00 og þannig áfram, að frádrátturinn hækkar um kr. 100.00 fyrir hvert barn.

Frekari frádráttur á útsvari er veittur þeim gjaldendum, sem á hefur fallið kostnaður vegna veikinda eða slysa, enn fremur, ef starfsorka þeirra er skert vegna örorku eða aldurs.

2. Félög.

Af 1—75 þús. kr. greiðast 200 kr. af 1 þús. kr. og 20 % af afg.
— 75 þús. kr. og þar yfir — 15 000 — — 75 — — — 30 % — —

II. Eign.

Eign til útsvars er skuldlaus eign til skatts samkvæmt lögum nr. 46/1954, um tekju-
skatt og eignarskatt, en reglur laga um afskriftir eigna ekki taldar bindandi, sbr.
4. gr. laga nr. 66/1945, um útsvör.

Af eignum greiðist útsvar samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af 40—70 þús. kr.	greiðast	100 kr. af 40 þús. kr. og	5 % af afg.
— 70—100 — —	—	250 — — 70 — — —	6 % — —
— 100—150 — —	—	430 — — 100 — — —	7 % — —
— 150—200 — —	—	780 — — 150 — — —	8 % — —
— 200—250 — —	—	1 180 — — 200 — — —	9 % — —
— 250 þús. kr. og þar yfir	—	1 630 — — 250 — — —	10 % — —

III. Umsetning.

Gjaldendum, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi,
er gert að greiða útsvar af umsetningu þeirra, en umsetning telst heildarsala vöru,
vinnu og þjónustu, áður en frá eru dregin nokkur gjöld vegna starfseminnar, þar
með talin hvers konar opinber gjöld, önnur en þau, er nú greinir:

1. Söluskattur samkvæmt b-lið 22. gr. III. kafla laga nr. 100/1948, sbr. lög nr. 82/1957.
2. Gjald til útflutningssjóðs samkvæmt 20. gr. laga nr. 86/1956, sbr. nú 40. gr. laga nr. 33/1958.
3. Gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939.
4. Skemmtanaskattur samkvæmt 1. tölul. 2. gr. laga nr. 56/1927.
5. Gjald af kvikmyndasýningum samkvæmt lögum nr. 28/1952.

Upphæð útsvarsins er ákveðin í hundraðshlutum af umsetningu, mismunandi
eftir tegund, starfsemi og aðstöðu, svo sem hér segir:

Allt að 0.5%: Nýlenduvöruverzlun.

Allt að 0.6%: Kjöt- og fiskverzlun, fisk- og kjötiðnaður.

Allt að 0.8%: Verzlun, ót. a.

Allt að 0.9%: Bóka- og ritfangaverzlanir.

Allt að 1.0%: Iðnaður, ót. a., ritfangaverzlun, matsala, landbúnaður.

Allt að 1.1%: Lyfja- og hreinlætisvörur, farm- og fargjöld, ót. a., smjörlikisgerðir.

Allt að 1.3%: Olíusala.

Allt að 1.6%: Gleraugnaverzlun, sportvöruverzlun, skartgripaverzlun, hljóðfæra-
verzlun, tóbaks- og sælgætisverzlun, kvikmyndahús, sælgætis- og efnagerð, öl- og
goddrykkjagerð, gull- og silfursmíði, útgáfustarfsemi, fjölritun.

Allt að 2.0%: Hvers konar persónuleg þjónusta, myndskurður, listmunagerð,
blómaverzlun, leigur, umboðslaun, farmgjöld tankskipa, fornverzlun, ljósmyndun,
hattasaumastofur.

Allt að 3.0%: Barar, billjarðstofur, söluturnar, verzlanir opnar til kl. 23.30.

IV. Lækkun.

Útsvör samkvæmt I.—III. lið hér á undan eru lækkuð um 6.3%, tugir og ein-
ingar felldar niður, þannig að öll útsvör standa á heilum hundruðum. Ekki er lagt
á lægra útsvar en 400 kr.

V. Viðurlög.

Nú berst nefndinni framtal gjaldanda eftir að framtalsfrestur er liðinn, og bætir
þá nefndin allt að 25% við tekjur, eignir og umsetningu, áður en útsvarið er
ákveðið.